

## Fundur í skólanefnd 2. maí 2017

Mættir: Ágústa Elín, Dröfn, Sigurgeir, Hjördís, Guðrún Lind, Úrsúla, Reynir, Dagbjört og Helena

### Dagskrá fundarins:

Ársreikningur  
Gjaldskrá  
Starfslýsingar og frammistöðumat  
Starfsmannamál  
Önnur mál

### Ársreikningur:

Guðrún Lind fjármálastjóri FVA fór yfir ársreikninginn, hún sagði að niðurstaðan væri ágæt. FVA skilaði um 30 milljón króna hagnaði á síðasta ári og viðskiptareikningur við ríkissjóð hafi farið úr því að vera neikvæður um 17 milljónir yfir í það að vera jákvæður um 9 milljónir.

Guðrún talaði um mikilvægi þess að halda rekstrinum innan fjárheimilda því í ljósi nýrra laga um opinber fjármál, þá fær stofnun sem er í skuld við Ríkissjóð ekki rekstrarfé. Aðhaldsaðgerðir síðustu ára séu að koma betur fram og stefnt hafi verið að minnkun á yfirvinnu á móti dagvinnu sem gengið hefur ágætlega eftir. Kostnaður vegna langtímaveikinda starfsmanna er enn þungur baggi á rekstrinum. Mötuneytið gekk vel, var rekið nokkurn veginn á núlli. Heimavistin var rekin með hagnaði á síðasta ári vegna framlags frá ríkinu og betri nýtingar. Sértekjur voru nokkuð hærri en gert var ráð fyrir m.a. vegna þátttöku í ýmsum verkefnum. Framlag ríkisins vegna ársins 2016 var hærra en gert er ráð fyrir m.a. vegna launauppbóta og nýrra stofnanasamninga hjá félögum BHM og SFR. Umfangsmiklar aðhaldsaðgerðir sem ráðist var í síðustu ár hafa gert það að verkum að loksins er hægt að ráðast í ýmsar endurbætur á búnaði. Búið er að eyrnamerkja stóran hluta af hagnaði ársins til tækjakaupa í málmiðnaðardeild.

### Gjaldskrá:

Guðrún Lind lagði fram tillögur um hækkunir á gjaldskrá. Lagt er til hækkun á tölvugjaldi um 500 krónur á önn. Hækkun á einingagjaldi í fjarnámi um 500 krónur á einingu, 5.000 krónur hækkun á 9 eininga pakka á námi með vinnu. Lagt er til að leiga á heimavist og leiga á húsnæði skólans hækki um 12% í samræmi við boðaðar hækkunir á leigugjöldum skólans. Hækkunir voru samþykktar.

### Starfslýsingar og frammistöðumat:

Skólameistari sagði frá verkefni við að búa til útkomumiðaðar starfslýsingar fyrir starfsmenn skólans. Það stendur til að fá utanaðkomandi sérfræðing til verksins. Meðal þess sem kemur út úr þessu er starfagreining, frammistöðumat og starfsþróunaráætlun fyrir starfsmenn. Umræður um frammistöðumat og fleira því tengdu.

### Starfsmannamál:

Skólameistari gerði grein fyrir væntanlegum breytingum á starfsmannahaldi í haust. Hún sagði frá þeim störfum sem hafa verið auglýst. Einn kennari óskar eftir áframhaldandi leyfi, tveir kennarar fara í námsorlof. Tveir koma úr námsleyfi.

**Önnur mál:**

Skólameistari sagði frá þjóðfundi sem haldinn var á önninni, þar voru gildi skólans ákveðin af nemendum og starfsmönnum. Gildin sem voru ákveðin eru: Jafnrétti - Virðing - Fjölbreytileiki. Á næstu önn verður unnið áfram með gildin.

Dröfn Viðarsdóttir ritaði fundargerð